

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hvalfjarðarsveit.

Réttarhagi I og II.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti 26. maí 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi Réttarhaga I og II. Breytingin felst í því að mænisstefna skuli vera samsíða eða hornrétt á hús á lóð, þakhalli verður 10°-35° og að frágangur húsa skal vera vandaður og litaval falla vel að nærliggjandi umhverfi.

Deiliskipulagið hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvalfjarðarsveit, 28. maí 2026.

F.h. Hvalfjarðarsveitar,
Jökull Helgason, deildarstjóri umhverfis- og skipulagsdeildar.

B deild - Útgáfudagur: 28. maí 2026